

**VI. Suðureyrarhreppur:**

1. Staðarkirkjuvegur, af Súgandafjarðarvegi hjá Sólstöðum að Stað.
2. Vatnadalssvegur, af Staðarkirkjuvegi að Vatnadal.
3. Selárdalsvegur, af Súgandafjarðarvegi hjá Botni, um Gilsbrekku og Selárdal að Norðureyri.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. október 1969.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

25. september 1969.

Nr. 249.

**AUGLÝSING****um merki Ísafjarðar(kaupstaðar).**

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur á fundi sínum 3. nóvember 1965, samþykkt að taka upp merki fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Merkið er: tvær fjallshlíðar, sjór, sól og bátur með mastri og þverrá, sem ber í miðja sól, á gotneskum skildi, sem er í hlutföllum: hæð: 10, breidd: 8. Sól er að þvermáli 3,8. Breidd báts við sjávarmál: 3,4. Breidd fjallahlíða við sjávarmál er: 1,0, efst: 0,5. Öldur eru ellefu öldulínur. Sjö öldur eru í efstu línu. Þykkt hvernar öldulínu er að þykkt: 0,1 — millibil: 0,6.

Í fullum litum er merkið: Hvítur grunnur, bátur og fjallahlíðar svart, sól rauð og öldulínur bláar.



Hvers konar notkun merkisins, án leyfis bæjarstjórnar Ísafjarðar(kaupstaðar) er óheimil.

*Bæjarstjórinn á Ísafirði, 25. september 1969.*

**Jóhann Einvarðsson.**